

Nefndarsvið alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 15.2.2024

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna (fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og námslán). Þingskjal 13 — 13. mál.

ÖBÍ réttindasamtök fagna þeim breytingum sem eru fyrirhugaðar í frumvarpinu og mæla eindregið með því að 7. gr. frumvarpsins um heimild til niðurfellingu námslána vegna verulegra fjárhagsörðugleika lántaka, alvarlegra og varanlegra veikinda lántaka, eða annarra sérstakra ástæðna verði að lögum.

Allir geta veikt alvarlega eða orðið fyrir slysi hvenær sem er á lífsleiðinni. Slíkt áfall hefur oft á tíðum miklar breytingar í för með sér, meðal annars fjárhagslegar. Það getur m.a. leitt til þess að viðkomandi geti ekki nýtt sér menntunina til að afla tekna. Það sama á við um þá sem sökum alvarlegra og varanlegra veikinda eða afleiðinga slysa hafa ekki náð að ljúka námi en sitja uppi með námslán og afborganir af þeim. Í skýrslu Vörðu rannsóknaseturs vinnumarkaðarins um stöðu fatlaðs fólks frá desember 2023 kemur skýrt fram að stór hluti fatlaðs fólks á Íslandi býr við sárafátækt og lífsskilyrði þeirra eru töluvert verri en launafólks.

Á sama tíma er menntun mjög mikilvæg fyrir fatlað fólk þar sem hún gefur fólki frekari möguleika á vinnumarkaði og meiri möguleika á sveigjanlegum störfum. Þó eru atvinnutækifæri fatlaðs fólks almennt mun takmarkaðri en annarra.

Tekið er undir umsögn Hagsmunasamtaka heimilianna um mikilvægi þess að námslán séu ekki undanþegin áhrifum gjaldprotaskipta.

ÖBÍ vill einnig koma á framfæri athugasemdum varðandi það að lög um Menntasjóð taka ekki til ábyrgðarmanna sem glíma við fjárhagsvanda en hér verður reifað raundæmi frá Umboðsmanni skuldara¹:

¹¹ Minniblað dags. 26.9.2022 með umsögn Umboðsmanns skuldara, dags. 1.11.2022, mál nr. 155.

Ábyrgðarmaður var sjálf örorkulífeyristaki en í ábyrgð fyrir námsláni móður sinnar. Ábyrgðarskuldbindingin var gjaldfelld og nam skuldin mörgum milljónum króna ásamt innheimtukostnaði. Sjálf var ábyrgðarmaðurinn með námslán sem hún hefði fengið undanþágu frá afborgunum á grundvelli þess að hún væri örorkulífeyristaki og með lágar tekjur.

Í þessu dæmi sést svart á hvítu að Menntasjóður viðurkennir að hún geti ekki staðið undir eigin námslánum og veitir henni undanþágu frá afborgunum en býður ekki upp á neinar lausnir varðandi ábyrgðarskuldbindinguna á námsláni móður hennar.

Ekkert um okkur án okkar!



Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður ÖBÍ réttindasamtaka



Sigríður Hanna Ingólfssdóttir
félagsráðgjafi ÖBÍ réttindasamtaka



Hrönn Stefánsdóttir
formaður málefnaþóps ÖBÍ um atvinnu- og menntamál